

Fundargerð

6. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 22. ágúst 2006, kl. 17:15.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Birgir Guðjónsson, Felix Sigurðsson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð 5. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál og staða.

- a) Frjálsíþróttablaðið. Lagt fram bráðabirgðauppgjör vegna 4. tbl. Samkvæmt því verður einhver hagnaður af blaðinu að þessu sinni.
- b) Staða í fjármálum. Frestað til næsta fundar vegna fjarveru gjaldkera.

3. Landsliðsmál.

- a) Val keppenda á EM. Samþykkt var á milli 5. og 6. fundar stjórnar að velja þau Ásdísi Hjálmsdóttur og Björn Margeirsson á Evrópumeistaramótið í Gautaborg. Silja Úlfarsdóttir, Óðinn Björn Þorsteinsson og Þórey Edda Elíasóttir gáfu ekki kost á sér við val á EM. Fararstjóri í ferðinni var Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri. Báðir íþróttamenn voru með sína einkaþjálfara á mótinu.
- b) Val á NM 20-22 ára. Samþykkt var á milli 5. og 6. fundar stjórnar að velja eftirfarandi keppendur á NM U23: Ásdísi Hjálmsdóttur, Berg Inga Pétursson, Kára Stein Karlsson og Óla Tómas Freysson. Fararstjóri og þjálfari í ferðinni var Fríða Rún Þórðardóttir.
- c) Val á NM 19 ára og yngri. Frestað að ganga endanlega frá vali á NM U20 á fundinum, afgreiða skal málið milli funda.

4. Mótamál.

- a) Bikarkeppni FRÍ, 1. og 2. deild. Yfirdómari í 1.deild verður Rósa Marinósdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson í 2.deild. Fjögur lið hafa staðfest þátttöku í 2.deild. Dregið var um töfluröð fyrir 2.deild á fundinum og var niðurstaðan eftirfarandi: A = UFA/UMSE, B = UMFA, C = USVS/USÚ, D = HSK Rætt um framkvæmd og kynningu keppinnar. Boðað verður til blaðamannafundar nk. fimmtudaginn 24. ágúst.
- b) Bikarkeppni 16 ára og yngri. Vegna framkvæmda við stúkuna á Laugardalsvelli er ekki hægt að halda keppnina þar og mun keppnin því fara fram í Mosfellsbæ í umsjón frjálsíþróttadeildar Fjölnis.
- c) NM öldunga á Íslandi 2008. Rætt um dagsetningu fyrir NM öldunga innanhúss árið 2008, en mótið fer fram á Íslandi. Stefnt er að því að halda mótið síðustu helgi í febrúar. Formaður óskaði eftir umboði stjórnar til að halda áfram undirbúningi keppinnar í samráði við Öldungaráð FRÍ. Samþykkt.

5. Útbreiðslumál.

- a) Þátttaka í mótum á vegum FRÍ 2003-2006. Lagt fram skjal með upplýsingum um þátttöku í helstu mótum á vegum FRÍ sl. þrjú ár. Fram kemur að keppendum á MÍ mótum í flokkum 12-18 ára fer jafnt og þétt fækkandi frá árinu 2003 á utanhússmótum.

Rætt. Samþykkt að fara í útbreiðsluátaka í yngri flokkum með það að markmiði að fjölga iðkendum í yngri aldursflokkum á MÍ mótum á næstu árum.

6. Fundur með ÍSÍ vegna könnunar í framhaldsskólum.

Formaður greindi frá fundi sem hann, ásamt Herði og Práni Hafsteinssyni sátu með forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ vegna fréttar í Fréttablaðinu um könnun, sem ÍSÍ lét framkvæma á framhaldsskólastigi um lyfjaneyslu í íþróttum. Niðurstaða fundarins var að Þórólfur Þórlindsson prófessor við HÍ mundi yfirfara könnunina og ÍSÍ mundi í framhaldi af því kynna endanlegar niðurstöður hennar.

7. Niðurstaða kosningar í Íþróttamannanefnd FRÍ.

Lagðar fram niðurstöður kosninga í Íþróttamannanefnd FRÍ, en kosningin fór fram í tengslum við 80. Meistaramót Íslands. Eftirfarnadi íþróttafólk var kosið í nefndina: Ágústa Tryggvadóttir Umf. Selfoss, Íris Anna Skúladóttir Fjölni, Jóhanna Ingadóttir ÍR, Jón Arnar Magnússon FH og Ólafur Guðmundsson HSP. Samþykkt að kalla nefndina saman í lok keppnistímabilsins í september.

8. Samstarf Norður Evrópuríkja

Lagðir fram punktar til kynningar frá Jónasi Egilssyni um fund Norður Evrópuríkja, sem fram fór í tengslum við EM í Gautaborg. Á fundinum var rætt um mögulegt pólitískt samstarf milli Norðurlandanna, Estrasaltslanda, Beneluxlanda og Írlands.

9. Lagt fram / innsend mál.

- a) Lagt fram boðbréf vegna á EM unglunga 2007.
- b) Lögð fram skýrsla frá Ól. hátíð æskunnar 2006.
- c) Boð frá ÍSÍ á fund um fræðslu- og útbreiðslumál 28. ágúst nk.
- d) Lagt fram tölvupóstbréf frá Gunnlaugi Júlíussyni vegna 6 tíma hlaups. Birgir Guðjónsson hefur svarað erindi Gunnlaugs.
- e) Lagt fram boð á Norðurlandafund framkvæmdastjóra í Osló 29.-30. sept. nk.
- f) Lagðar fram uppp. um Mótapiing EAA í Búlgaríu 13.-14. okt. nk.

10. Önnur mál.

Fríða Rún lagði fram fyrirspurn til stjórnar um þátttöku á NM í Víðavangshlaupum í Noregi í nóvember.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.